

116. fundur í rekstrarnefnd Klausturhóla haldinn á Hjúkrunarheimilinu Klausturhólum 4/4 2017 kl: 18:30

Mætt eru: Kjartan Magnússon formaður, Einar Bárðarson, Ragnheiður Hlín Símonardóttir í fjarveru Sigurðar Árnasonar, Sigurlaug Jónsdóttir, Erla Ívarsdóttir í fjarveru Elínar Heiðu Valdsdóttur og Matthildur Pálsdóttir hjúkrunarforstjóra. Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri mætti einnig til fundarins og Erla Ósk Færseth fulltrúi starfsmanna.

Formaður býður fundarmenn velkomna og gengið er til dagskrár sem var send út með fundarboði.

1. Ársreikningur Klausturhóla fyrir árið 2016.
Sandra Brá fer yfir Ársreikning Klausturhóla fyrir árið 2016
Rekstartekjur ársins eru 193.071 þús kr. Rekstrargjöld 186.369 þús kr. Og er rekstarniðurstaða því jákvæð um 8.187 þús kr.
Ljóst er að rekstur Klausturhóla er í góðu jafnvægi en þó ber að hafa í huga framlag frá Skaftárhreppi vegna húsaleigu og framlag vegna viðskiptaskuldar við Skaftárhrepp er þáttur í jákvæðri afkomu. Rekstarnefnd færir starfsfólki og hjúkrunarforstjóra Klausturhóla kærar þakkir fyrir þeirra framlag til heimilisins og starfsemi þess.
Rekstarnefnd vísar ársreikningi Klausturhóla til sveitarstjórnar Skaftárhrepps til samþykktar.
2. Stjórnsýsluúttekt Klausturhóla frá KPMG. Rekstarnefnd tekur skýrsluna til skoðunar og þakkar KPMG fyrir góðar ábendingar í skýrslunni. Skýra þarf starfslýsingu Hjúkrunarforstjóra og búa til starfslýsingu fyrir starfandi hjúkrunarfræðing á heimilinu. Einnig þarf að koma á samningi á milli Klausturhóla og Skaftárhrepps um þá þjónustu sem Skaftárhreppur veitir Klausturhólum í dag.
3. Drög að starfslýsingu Hjúkrunarforstjóra.
Drög að starfslýsingu Hjúkrunarforstjóra Klausturhóla lögð fram til kynningar.
Rekstarnefnd gerir ekki athugasemdir við framlögð drög að erindisbréfi/starfslýsingu fyrir Hjúkrunarforstjóra Klausturhóla.
4. Styrkur vegna Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Klausturhóla. Svarbréf Skaftárhrepps dags. 13.12.2016.
Skaftárhreppur samþykkir styrkumsókn Rekstarnefndar Klausturhóla. Rekstarnefnd þakkar Sveitarstjórn Skaftárhrepps fyrir framlag sitt til Klausturhóla.
5. Önnur mál.
 - a) Skýrsla Hjúkrunarforstjóra.
Matthildur leggur fram skýrslu. Búið er að fara í stuttar skemmtiferðir með heimilisfólk.
Nýting rýma heimilisins er góð.
Ekki hefur komið svar frá framkvæmdasjóði aldraðra. En sótt var um styrk vegna framkvæmda við húsnæði.
Starfsmannamál eru í góðu jafnvægi og stefnir í að það verði starfandi 3 sjúkraliðar innan heimilisins. Búið er að ganga frá mönnun fyrir sumarið 2017.

Allir eru í húsnæði og ekki beinn húsnæðisskortur eins og staðan er í dag. Ný íbúð var tekin í notkun í kjallara Klausturhóla 1.4 2017.

Sótt hefur verið um undanþágur vegna Kröfulýsinga frá Sjúkratryggingum Íslands.

Undanþága hefur verið fengin til loka ársins 2018.

Starfsmenn gerðu sér glaðan dag í marsmánuði.

b) Kjartan ræðir um íslenskukunnáttu starfsmanna Klausturhóla. Byrjað er að vinna að því að fá kennslu fyrir starfsmenn heimilissins. Starfsmenn eru viljugir til að læra íslensku og leggja sig fram við að tala íslensku við heimilisfólk. Rekstarnefnd hvetjur hjúkrunarforstjóra til að koma á íslensku námskeiði fyrir starfsmenn.

c) Viðræður við stjórn Velunnarásjóðs Klausturhóla vegna húsnæðisskorts.


Kjartan, Sandra og Matthildur hafa átt fund með fulltrúum velunnarásjóðs og er verið að ræða um tillögur í húsnæðismálum fyrir starfsmenn heimilissins.

Matthildur Pálsdóttir og Erla Ósk Færseth yfirgefa fundinn.


6. Umsóknir um starf Hjúkrunarforstjóra.

Sigurlaug Jónsdóttir lýsir sig vanhæfa við umfjöllun á umsóknum um starf Hjúkrunarforstjóra. Alls bárust 3 umsóknir um starf Hjúkrunarforstjóra og var formanni rekstarnefndar og sveitarstjóra falið að ræða við umsækjendur fyrir hönd rekstarnefndar. Rætt var við 2 af umsækjendum um starfið og dró annar þeirra umsækjenda umsókn sína til baka að loknu viðtali. Rekstarnefnd samþykkir samhljóða að beina því til sveitarstjórnar að ganga til samninga við Matthildi Pálsdóttur um starf hjúkrunarforstjóra Klausturhóla.

Fleira ekki gert á fundi. Fundi slitið kl 21:15




Kjartan Magnússon



Ragnheiður Hlín Símonardóttir



Erla Ívarsdóttir



Sigurlaug Jónsdóttir



Einar Bárðarson